

Bæjarráð Kópavogs
Ásdís Kristjánsdóttir
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur, 15. september 2025

Málsnr. 2502003

PBG/HBJ

Efni: Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins, samningur, skipurit og starfsreglur

Á 613. fundi stjórnar SSH, hinn 15. september 2025, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins - 2502003

Fyrirliggjandi eru drög að samningi milli Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar um svæðisbundið farsældarráð í samræmi við 5. gr. laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Einnig eru fyrirliggjandi drög að skipuriti ráðsins og starfsreglum þess. Er gerð tillaga um að stjórn samþykki drög að samningnum og drög að starfsreglum ráðsins fyrir sitt leyti og að þau verði send til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna.

Tillaga að samsetningu farsældarráðs, verklagi og tímalínu var til kynningar á 608. fundi. Var þá ákveðið að stjórn ásamt sviðsstjórum fræðslu- og velferðarsviða fundaði sérstaklega um málið. Framangreind gögn voru til umræðu á þeim fundi, 20. ágúst sl. Engar athugasemdir bárust varðandi gögnin og eru þau því efnislega óbreytt.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir fyrirliggjandi drög að samningi um svæðisbundið farsældarráð og drög að starfsreglum ráðsins fyrir sitt leyti og er skrifstofu SSH falið að senda þau til afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna.


Beiðni um meðferð á vettvangi sveitarfélagsins:

Á grundvelli framangreinds eru meðfylgjandi drög að samningi Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar, Reykjavíkur og Seltjarnarnesbæjar um svæðisbundið farsældarráð og drög að starfsreglum ráðsins. Óskað er eftir því að ofangreint verði tekið til efnislegrar umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi sveitarfélagsins. Jafnframt er farið fram á ótakmarkað umboð framkvæmdastjóra þess til undirritunar samningsins fyrir hönd sveitarfélagsins. Til upplýsinga eru einnig meðfylgjandi drög að skipuriti ráðsins.



Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélaganna samkvæmt framangreindu berist á netfangið hannaborg@ssh.is. Sé frekari kynningar óskað skulu beiðnir þess efnis jafnframt sendar á netfangið hannaborg@ssh.is.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd SSH



Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi:

- Drög að samningi milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um svæðisbundið farsældarráð
- Drög að starfsreglum fyrir farsældarráð höfuðborgarsvæðisins
- Drög að skipuriti farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins